



Fundur þjónustuhóps um málefni fatlaðra, haldinn í fjarfundarbúnaði á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði.

Þriðjudaginn 24. janúar 2012, kl. 15:00

Mætt voru: Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri og formaður þjónustuhóps. Félagsmálastjórnarnir Gunnar M Sandholt, Auður Herdís Sigurðardóttir, Hjörtur Hjartarson, Eyrún Rafnsdóttir og Eydís Aðalbjörnsdóttir og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund.

- Fundargerð síðasta fundar lögð fram til kynningar**
- Kosning varaformanns þjónustuhóps.** Eyrún Rafnsdóttir tilnefnd. Samþykkt samhljóða.
- Lengd viðvera fatlaðra skólabarna 2011.** GSG lagði fram tillögu að greiðsluþátttöku byggðasamlagsins til sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru fatlaðra skólabarna árið 2011. Samanlagt voru 32 í lengdri viðveru á vor og haustönn 2011 í grunn- og framhaldsskólum. Samkvæmt reglum jöfnunarsjóðs er greitt 50% af raunkostnaði.

	Raunkostnaður 2011	50% vor og haust fjöldi alls	
Dalvíkurbyggð	1.257.990	628.995	10
Fjallabyggð	2.408.720	1.204.360	13
Skagafjörður	499.049	249.525	6
Austur Hún.	478.800	239.400	2
Húnaþing v.	129.604	64.802	1
	4.774.163	2.387.082	32
Eftirstöðvar		2.563.473	
Jöfnunarsjóður	4.950.554		

Samþykkt samhljóða

Umræður urðu um skilgreiningar á kostnaði við lengda viðveru. Samþykkt að þjónustuhópur skoði sérstaklega hvort ástæða sé til þess að koma á samræmdum verklagsreglum um kostnaðarútreikninga vegna lengdrar viðveru.

- Afgreiðsla stjórnar á fjárhagsáætlun 2012.** Lögð fram til kynningar bókun og afgreiðsla stjórnar vegna fjárhagsáætlunar 2011. Samþykkt fjárhagsáætlun lögð fram.



5. **SIS mat, næstu skref.** Verkefnisstjóri lagði fram afrit af tölvupósti frá Greiningarstöð ríkisins vegna afgreiðslu umsókna um SIS mat. Lögð var fram beiðni fyrir 32 mót og voru 14 beiðnir samþykktar. Óskað hefur verið rökstuðnings vegna umsókna sem ekki voru samþykktar.
6. **Upplýsingar frá vinnufund bakhóps 20.jan. sl.** Verkefnisstjóri skýrði einstaka liði fundargerðar fundarins.
 - a) Þjónustuskráning sveitarfélaga og eftirlit á vegum velferðarráðuneytis. Mikilvægt er að sveitarfélög haldi vel utanum skráningu, en á þjónustusvæði byggðasamlagsins er það alfarið á ábyrgð sveitarfélaga en ekki miðlægt hjá byggðasamlagi. Ráðuneyti í samstarfi við Hagstofu Íslands er að undirbúa skráningu upplýsinga á landsvísu.
 - b) NPA verkefnið kynnt. Opín ráðstefna á vegum verkefnisstjórnar um notendastýrða persónulega aðstoð ráðstefna verður haldin 10. febrúar.
 - c) Þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014 dreift.
 - e) Kynntar voru leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytis til sveitarfélaga um framkvæmd eftirfarandi þjónustu; styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa, þjónustu stuðningsfjölskyldna og ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, reglurnar taka gildi 1.febrúar n.k. . Þjónustuhópur samþykkir að endurmeta greiðslur til stuðningsfjölskyldna og meta með hvaða hætti reglur verða settar hjá byggðasamlagi/sveitarfélögum.
7. **Starfsdagur Iðja- hæfingar á þjónustusvæðinu.** Verkefnisstjóri lagði til að starfsdagur yrði haldinn miðvikudaginn 15. febrúar í Fjallabyggð. Gert er ráð fyrir 13 þátttakendum. Samþykkt.
8. **Fundur með ráðgjöfum vegna þjónustumats.** Fundartími hefur ekki verið ákveðinn.
9. **Fundur vegna fullorðinsfræðslu fatlaðra.** Haldinn verður fjarfundur fimmtudaginn 26. janúar með Farskólanum- miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og ráðgjöfum á svæðinu. Metin verður þörf fyrir fræðslu og námskeið yfirstandandi ár.
10. **Verkferlar og reglur.** Afgreiðslu frestað.
11. **Önnur mál.**
 - a) **Ársskýrsla 2011.** Verkefnisstjóri ræddi hugmyndir um gerð ársskýrslu í ljósi breytinga á ábyrgð málaflokksins.



- b) **Rekstarniðurstaða 2011.** Samþykkt að félagsmálastjórar sendi verkefnisstjóra upplýsingar um rekstartölur fyrir árið 2011 í byrjun febrúar 2012.
- c) **Næsti fundur.** Samþykkt að næsti fundur þjónustuhóps verði á Siglufirði þriðjudaginn 7. febrúar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 17:00